

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. febrúar 2022 vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri, birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 9. febrúar 2022. Tillagan er í kynningu frá 9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/starmyri-2-0>

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. janúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. janúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýrar-Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 (hús nr. 2A) við Starmýri. Í breytingunni felst að bætt er við byggingareit fyrir 4. hæð sem nemur um helmingi þakflatar, á suðurhluta byggingareits, og er heimilt byggingarmagn 4. hæðar 350 m<sup>2</sup> brúttó. Heimilt er að auka íbúðafjölda á Starmýri 2A um 2 íbúðir og hámarksfjöldi íbúða á lóðinni verður 25. Tveimur íbúðum á 4. hæð fylgja þegar byggðir bílskúrar í kjallara og bílastæði framan við hvorn þeirra. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **9. febrúar 2022 til og með 23. mars 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 23. mars 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**